

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

#### *Breyting á deiliskipulagi fyrir miðbæ.*

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 6. júní 2023 breytingu á deiliskipulagi fyrir miðbæ.

Breytingin tekur til lóðarinnar Glerárgötu 7 og felur í sér að á lóðinni verði heimilt að reisa 5-6 hæða hótél þar sem efstu tvær hæðirnar verði inndregnar. Þá gerir tillagan ráð fyrir bílakjallara fyrir allt að 38 bíla, að hámarki 1.200 m<sup>2</sup>.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 41.-43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

#### *Breyting á deiliskipulagi fyrir Móahverfi.*

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 10. maí 2023 breytingu á deiliskipulagi Móahverfis.

Breytingin felur í sér að 150 m langri hljóðvörn með hámarkshæð 2,5 m yfir óhreyfðu landi er bætt við meðfram Borgarbraut austanverðri. Þá er hljóðvörn meðfram vestanverðri Borgarbraut lengd um 20 m til suðurs. Breytingin felur jafnframt í sér lítilsháttar breytingar á afmörkun útivistarsvæða og legu göngustíga auk þess sem göngustíg er bætt inn á skipulagssvæðið.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 28. ágúst 2023,*

**María Markúsdóttir** verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 11. september 2023